

Lög

Nr. 22.
3. nóv.

um

fasteignamat.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs 10. hvert ár, þó svo að fyrsta mat eftir lögum þessum skal fara fram árin 1916—1918 og því næst 1930 og svo hvert ár, er ártalið stendur á tug.

Ef fasteign verður fyrir miklum skemdum af völdum náttúrunnar eða verðmæti hennar rýrnar til muna á annan hátt milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, getur eigandi krafist endurvirðingar. Sömuleiðis getur landsstjórnin látið nýtt mat fram fara á einstökum fasteignum, er hækka mjög í verði án tilkostnaðar af hálfu eiganda.

2. gr.

Hverja fasteign skal meta eins og hún mundi sanngjarnlega seld eftir gæðum hennar. Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, er fást af fasteigninni, leigumála þann, sem er eða telja má hæfilegan, verð það, er fasteignin hefir verið seld fyrir síðustu 10 ár áður en matið fór fram, söluverð nágrannafasteigna á sama tíma og virðingar til lántöku og veðsetningar. Fasteignir skulu metnar til peninga í hundruðum króna, og skal matsverð hverrar eignar standa á heilu hundraði.

3. gr.

Til undirbúnings og fyrirgreiðslu við mat fasteigna skulu hreppstjórar í sveitum og bæjarfógetar í kaupstöðum, hver í sínu umdæmi, semja skýrslu um allar fasteignir í hreppnum eða kaupstaðnum. Skýrslur þessar skal rita á eyðublöð, er Stjórnarráðið segir fyrir um og lætur prenta, og skulu þær sendar formanni fasteignamatsnefndar fyrir lok marsmánaðar það ár, sem matið á fram að fara, og skulu þær fylgja matsgerðunum.

Ef að fasteignamatsnefnd æskir þess, er hreppsnefndum og bæjarstjórnnum skylt að láta henni í tje allar þær skýringar, sem kostur er á, til leiðbeiningar við mat fasteigna.

4. gr.

Við matið skal hver jörð, sem hefir sjerstök bæjarhús, og afskift tún og engi, metin út af fyrir sig, hvort sem jörðin hefir áður talist lögþýli eða hjáleiga. Verði ágreiningur um þetta eða vafasamt þyki, hvort jarðeign, sem er skift sundur milli fleiri eigenda, skuli metin í einu lagi, sker sýslumaður úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum úttektarmanna hreppsins.

Eyðijarðir og eyðilönd, sem sjermetin hafa verið til dýrleika, skal meta sjer í lagi, nema legið hafi að fullu og öllu í síðustu fimtiú ár undir aðra jörð.

Nr. 22.

5. gr.

3. nów.

Með hverri jarðeign skal meta sjerstaklega hús þau, er á henni standa, hvort heldur þau eru eign landeiganda eða annara, og mannvirki þau og umbætur, er gerð hafa verið á eigninni síðustu 10 árin. Sömuleiðis skal meta allskonar hlunnindi jarða og ítök í annara lönd, og skulu öll eignagögn jarða og landamerkjabrjef, er jörðinni fylgja, afhent matsnefndinni í staðfestu eftirriti eða frumriti, og skulu þau síðan látin fylgja matsgerðunum.

Með jörðum skulu eigi metin innstæðukúgildi eða annað lausafje, er jörð kann að fylgja.

6. gr.

Húseignir allar í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum skal meta svo, að húsinn sjeu metin sjer í lagi og lóð sú og mannvirki, er hverri húseign fylgir, sjer í lagi.

Enn fremur skal meta sjerstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignarrjettindi, sem ekki fylgja neinni jörð eða húseign.

7. gr.

Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

8. gr.

Hverri fasteign, sem metin er, skal lýsa í fám orðum, og skal ákveða hana svo skýrt, að eigi sje um að villast hver hún er; nafngreina skal eiganda hennar og notanda. Þegar mat fer fram í fyrsta sinn, skal tilgreina landamerki í matsgerðinni.

9. gr.

Til ábúðarskatts skulu hverjar 150 kr. í matsverði jarða taldar eitt hundrað á landsvísu. En því skal slept til ábúðarskatts, sem verð húsa kann að fara fram úr helmingi af matsverði jarðar, að undanskildu verði húsanna og þeirra mannvirkja og umbóta, sem gerð hafa verið á jörðinni síðustu 10 árin.

Húsaskattur af skattskyldum húsum, skal tekinn af matsverði húsanna, að viðbættu matsverði þeirrar lóðar eða lóðarrjettinda, er hverri húseign fylgir.

10. gr.

Í hverri sýslu og kaupstað skal skipa 3 menn í fasteignamatsnefnd. Skulu 2 nefndarmenn kosnir af sýslunefnd eða bæjarstjórn, en hinn 3. skipar Stjórnarráðið, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt skal skipa 3 varanefndarmenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir reglum þeim, er settar verða í reglugjörð um fasteignamat.

Í hverri sýslu (lögsagnarumdæmi) og kaupstað skal vera yfirmatsnefnd. Í kaupstöðum skipar Stjórnarráðið formann yfirmatsnefndar og 2 aðra nefndarmenn, en í sveitum eiga sæti í nefndinni sýslumaður, sem er formaður, og tveir menn, er Stjórnarráðið skipar. Á sama hátt skal skipa varanefndarmenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir reglum þeim, sem settar eru í reglugjörð þeirri, er að framan getur.

11. gr.

Sami maður má eigi sitja í fasteignamatsnefnd og yfirmatsnefnd. Yfirmatsnefndarmenn, aðrir en formenn, utan kaupstaða, skulu skipaðir æfilangt. Matsnefn-

darmenn, aðrir en formenn, skulu skipaðir til 10 ára, þannig, að annar nefndarmanna Nr. 22. fer frá 5. hvert ár, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá af 3. nóv. öðrum ástæðum, áður en starfstími hans er liðinn, tekur varamaður sæti í nefndinni þann tíma, sem hann átti eftir að vera.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa aftur svo oft sem vill. Þó er enginn, sem verið hefir 10 ár eða lengur í nefnd, skyldur til að taka skipun af nýju. Sextugur maður er ekki skyldur að taka á móti nefndarskipun.

12. gr.

Hver sem skipaður er í fasteignamatsnefnd eða yfirmatsnefnd, skal vinna eð að starfi sínu. Fasteignamatsnefndarmenn og yfirmatsnefndarmenn fá í fæðispeninga og ferðakostnað 5 krónur hvern dag, sem þeir gegna nefndarstörfum.

13. gr.

Fasteignamat og yfirmat skal fara fram samkvæmt reglugjörð, er Stjórnarráðið semur, og skal því lokið í hverju umdæmi fyrir 15. júlí, í fyrsta sinni 1918. Matsgerðirnar úr hverjum hreppi skulu lagðar fram 1. ágúst, á þingstað hreppsins, eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og liggja þar til sýnis út mánuðinn. Að því búnu skulu þær sendar formanni yfirmatsnefndar.

14. gr.

Við mat fasteigna skal gefa eiganda eða umráðanda kost á að koma fram með þær skýringar, er hann óskær að teknar verði til greina við matið. Svo er hann og skyldur til að gefa matsmönnum allar þær upplýsingar um fasteignina, er þeim þykir nauðsynlegar. Sje hann óánægður með mat það, sem sett er á fasteignina, skal hann bera upp kærú sína brjeflega fyrir formanni yfirmatsnefndar fyrir 31. dag ágústmánaðar. Innan sama tíma er hverjum eiganda heimilt að kæra yfir mati á öðrum fasteignum. Yfirmatsnefnd fellir úrskurð um kærúna, að fengnu álitu fasteignamatsnefndar, og tilkynnir úrskurðinn kæranda, og er því máli þar með ráðið til lykta.

15. gr.

Yfirmatsnefnd skal endurskoða mat allra fasteigna í umdæmi sínu, og ef henni virðist eitthvað vera óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar og skal síðan, að fengnum tillögum fasteignamatsnefndar, lagfæra matið eftir því sem henni þykir rjett vera.

Innan októbermánaðarloka skal formaður yfirmatsnefndar afgreiða matsgerðirnar til Stjórnarráðsins.

16. gr.

Samkvæmt matsgerðum fasteignamatsnefnda með þeim breytingum, er á matinu hafa orðið við úrskurð eða endurskoðun yfirmatsnefnda, lætur landsstjórnin semja fasteignabók fyrir alt landið. Gildir hún frá 1. apríl eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1920 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignabókin skal löggilt af Stjórnarráðinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust. Breytingar þær, sem verða á mati fasteigna milli þess, sem lögákvæðið mat fer fram, skal birta í A-deild Stjórnartíðindanna.

17. gr.

Allan matskostnað skal greiða úr landssjóði. Þó skal sá er krefst endurvirðingar milli þess, sem lögákvæðið mat fer fram, greiða kostnaðinn við virðinguna, nema verðið breytist um $\frac{1}{10}$ eða meira.

Nr. 22.

18. gr.

3. nóv.

Þegar fasteignabók sú, sem nefnd er í 16. gr., kemur í gildi, þá er úr gildi numin tilskipun 1. apríl 1861 um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

Nr. 23.

Lög

3. nóv.

um

dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Meðan verðhækkun sú, sem nú er á lífsnáuðsynjum, stendur eða breytist eigi að verulegum mun, veitir landssjóður embættis- og sýslunarmönnum sínum dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, er í lögum þessum greinir.

2. gr.

Þeir, er fyrir fleirum hafa að sjá en sjálfum sjer, skulu fá uppbót sem nú skal greint:

1. Þeir, er hafa í árslaun undir 500 kr., 30 % af launahæðinni.
2. Þeir, er hafa í árslaun frá 500—1000 kr., 20 % af launahæðinni.
3. Þeir, er hafa í árslaun 1000—1500 kr., 15 % af launahæðinni.
4. Þeir, er hafa í árslaun 1500—2000 kr., skulu fá 10 % af launahæðinni.

Auk þess skulu greiddar á ári 10 kr. fyrir hvert barn undir 16 ára aldri, er embættis- eða sýslunarmaður á að framfæra.

3. gr.

Þeir, sem eigi hafa fyrir öðrum en sjálfum sjer að sjá, skulu fá dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, er hjer segir:

1. Þeir, er hafa árslaun undir 500 kr., 20 % af launahæðinni.
2. Þeir, er hafa 500—1000 skulu fá 10 % af launahæðinni.
3. Þeir, er hafa 1000—1500 kr., 5 % af launahæðinni.